

„2. **32002 L 0004**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/4/EB frá 30. janúar 2002 um skráningu starfsstöðva þar sem haldnar eru varphænur sem falla undir tilskipun ráðsins 1999/74/EB (Stjtið. EB L 30, 31.1.2002, bls. 44).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2002/4/EB og ákvarðana 2002/8/EB, 2002/35/EB, 2002/160/EB og 2002/189/EB á norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 15. mars 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 14. mars 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**P. Westerlund**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 26/2003**

2003/EES/29/06

frá 14. mars 2003

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2002 frá 6. desember 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun ráðsins 2001/89/EB frá 23. október 2001 um ráðstafanir bandalagsins til að hafa eftirlit með svínapest <sup>(2)</sup>, eins og hún var leiðrétt með Stjtíð. EB L 168, 27.6.2002, bls. 59, skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/106/EB frá 1. febrúar 2002 um samþykkt greiningarhandbókar um greiningaraðferðir, sýnatökuaðferðir og viðmiðanir við mat á niðurstöðum úr prófunum á rannsóknarstofu til staðfestingar á svínapest <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/161/EB frá 22. febrúar 2002 um samþykkt áætlana, sem Þýskaland hefur lagt fram, um að útrýma svínapest í villtum svínum í Saarlandi og um neyðarbólusetningu við svínapest í villtum svínum í Rheinland-Pfalz og Saarlandi <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/181/EB frá 28. febrúar 2002 um samþykkt áætlunar, sem Lúxemborg hefur lagt fram, um að útrýma svínapest í villtum svínum á tilteknum svæðum í Lúxemborg <sup>(5)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/182/EB frá 28. febrúar 2002 um samþykkt áætlunar, með áorðnum breytingum, sem Austurríki hefur lagt fram, um að útrýma svínapest í villtum svínum í Niederösterreich <sup>(6)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 7) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/526/EB frá 28. júní 2002 um niðurfellingu ákvörðunar 94/141/EB um viðurkenningu á áætluninni sem Frakkland lagði fram um að uppræta svínapest í villtum svínum í Norður-Vógesafjöllum <sup>(7)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 8) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/531/EB frá 28. júní 2002 um breytingu á ákvörðun 2002/161/EB til samþykktar áætlunar, sem Þýskaland hefur lagt fram, um að útrýma svínapest og um neyðarbólusetningu villtra svína í Nordrhein-Westfalen <sup>(8)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 9) Tilskipun 2001/89/EB fellir úr gildi tilskipun ráðsins 80/217/EBE <sup>(9)</sup> sem er hluti af samningnum og ber því að fella hana brott úr honum.
- 10) Ákvörðun 2001/182/EB fellir úr gildi ákvörðun 2001/140/EB <sup>(10)</sup> sem er hluti af samningnum og ber því að fella hana brott úr honum.
- 11) Ákvörðun þessi á hvorki við um Ísland né Liechtenstein.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**

*1. gr.*

I. kafla I. viðauka við samninginn skal breytt eins og tilgreint er í viðauka við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Texti tilskipunar 2001/89/EB, eins og hún var leiðrétt með Stjtíð. EB L 168, 27.6.2002, bls. 59, og ákvarðana 2002/106/EB, 2002/161/EB, 2002/181/EB, 2002/182/EB, 2002/526/EB og 2002/531/EB á norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 15. mars 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB L 38, 13.2.2003, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 9, 13.2.2003, bls. 2.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB L 316, 1.12.2001, bls. 5.

<sup>(3)</sup> Stjtíð. EB L 39, 9.2.2002, bls. 71.

<sup>(4)</sup> Stjtíð. EB L 53, 23.2.2002, bls. 43.

<sup>(5)</sup> Stjtíð. EB L 61, 2.3.2002, bls. 54.

<sup>(6)</sup> Stjtíð. EB L 61, 2.3.2002, bls. 55.

<sup>(7)</sup> Stjtíð. EB L 61, 2.3.2002, bls. 55.

<sup>(8)</sup> Stjtíð. EB L 170, 29.6.2002, bls. 85.

<sup>(9)</sup> Stjtíð. EB L 172, 2.7.2002, bls. 63.

<sup>(10)</sup> Stjtíð. EB L 47, 21.2.1980, bls. 11.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 14. mars 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***P. Westerlund***

formaður.